



Stjórnarháttayfirlýsing

fyrir árið 2015

Stjórnarháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í desember 2014 að Landsbankinn hefði fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar var byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014. Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans var talin gefa skýra mynd af stjórnarháttum bankans og benda til þess að Landsbankinn geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar í góðum stjórnarháttum.

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015, ber bankaráð Landsbankans ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag bankans stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn hans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sömu lagagrein skal bankaráð árlega endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015, skal Landsbankinn fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 1. júní 2015 (5. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://leidbeiningar.is>. Hér á eftir er orðið „leiðbeiningar“ notað sem tilvísun til þessara leiðbeininga.

Þessi kafli í ársskýrslunni inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans og fylgir yfirlýsingin þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að undanskildum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 2.3.5. og 5.4.1. í leiðbeiningunum. Verður hér gerð grein fyrir þessum frávikum, tilgreindar ástæður þeirra og þau úrræði sem gripið var til vegna þeirra.

Grein 2.3.5 er svohljóðandi: *Stjórnin metur sjálf hvort sitjandi stjórnarmaður sé á hverjum tíma óháður félaginu og stórum hluthöfum þess. Stjórn félagsins skal jafnframt meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins, hafi tilnefningarnefnd ekki verið skipuð, og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.* Bankaráð hefur ekki metið óhæði þeirra manna sem tilnefndir eru til setu í bankaráði í fyrsta sinn fyrir aðalfund bankans, en mun leita leiða til að framkvæma þetta mat fyrir aðalfundi bankans.

Grein 5.4.1 er svohljóðandi: *Stjórn skal skipa sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjara- stefnu, í samræmi við það sem fram kemur í lið 2.7, og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör.* Landsbankinn uppfyllir ekki þetta ákvæði leiðbeininganna eins og þau eru túlkuð í skýringum. Með lögum hefur þetta hlutverk verið tekið af bankaráði Landsbankans og þar með starfskjaranefnd bankans. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, sbr. lög nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Undir þetta ákvæði fellur bankastjóri Landsbankans, enda á ríkið um 98% af útistandandi hlutafé í bankanum. Samsvarandi ákvæði er í 1. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. lög nr. 87/2009. Framangreind ákvæði fela í sér undantekningu frá 2. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Á árinu 2010 vann Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, lögfræðiálit um lögsmæti umræddra ákvæða laga nr. 47/2006, um kjararáð, að beiðni bankaráðs. Í álitinu er komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði séð að það samrýmist jafnræðisákvæði 65. gr. og atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar að fá stjórnarsýslunefnd, eins og kjararáði, vald til að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra í hlutafélögum, sem ekki eru að öllu leyti í eigu hins opinbera, með þeim hætti sem gert var með lögum nr. 87/2009. Sérstaklega eigi þetta við í tilviki Landsbankans sem er viðskiptabanki. Í álitu Ástráðs Haraldssonar hrl. sem hann vann fyrir bankaráð sama ár er komist að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulagið standist ekki eignarréttarákvæði 72. gr., félagafrelsisákvæði 74. gr. og atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Á árinu 2014 vann Stefán Már Stefánsson, prófessor emeritus við lagadeild Háskóla Íslands, lögfræðiálit að ósk bankans, þar sem fyrirkomulagið við ákvörðun launa bankastjóra Landsbankans er skoðað í ljósi félagaréttar og EES-réttar. Niðurstaða þess álits er á þá leið að telja verður að íhlutun í starfsemi hlutafélaga sem gerð var með lögum nr. 87/2009 sé á skjön við ýmsar meginreglur hlutafélagalaga og skyldra laga til tjóns fyrir viðkomandi félög og ekki síst þeirra sem teljast til fjármálafyrirtækja.

Einnig vann Deloitte greinargerð á árinu 2014 að ósk bankans, þar sem fyrirkomulagið er borið saman við framkvæmd á Norðurlöndum, metið í ljósi viðmiða um góða stjórnarhætti og m.t.t. rekstraráhættu, samkeppnisstöðu og áhrifa á virði bankans. Að mati Deloitte felur núverandi fyrirkomulag við ákvörðun launa bankastjóra í sér frávik frá meginreglu laga um hlutafélög og stangast á við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Fyrirkomulagið er andstætt því sem viðskiptalífið þekkir og samþykkir sem góða stjórnarhætti þar sem meginreglan er sú að stjórn beri ábyrgð á rekstri félags og fari með æðsta vald þess á milli hluthafafunda.

Í félagarétti þeirra ríkja sem Ísland vill helst miða sig við er gert ráð fyrir að félagsstjórn skuli ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Þetta er jafnframt í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti hlutafélaga, t.d. meginreglur OECD. Að baki þessu fyrirkomulagi búa þau rök að það sé stjórn hlutafélags (eða starfskjaranefnd, eftir atvikum) sem er best til þess fallin að ákvarða laun framkvæmdastjóra. Sú ákvörðun þarf að byggjast á yfirgripsmikilli þekkingu á starfsemi viðkomandi félags og þeirri ábyrgð og þeim hæfni- og árangursviðmiðum sem stjórnin setur starfi framkvæmdastjóra. Það

er því afar óheppilegt út frá sjónarmiðum um ábyrgð stjórnar og góða stjórnarhætti að taka þetta hlutverk af stjórninni og færa það til þriðja aðila sem er ótengdur þeirri starfsemi sem fram fer í viðkomandi félagi. Í endurskoðaðri þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar á vetrar- og vorþingi 2016 kemur fram að fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð. Bankaráð Landsbankans hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að breyta lögum þannig að ákvörðunarvald um launamál bankastjóra verði fært aftur til bankaráðs. Slík breyting væri í alla staði í samræmi við eðlilega skipan og myndi skapa jafnræði milli bankans og samkeppnisaðila á fjármálamarkaði að því er þetta atriði varðar. Slík breyting væri í þágu hagsmuna bankans, eigenda hans og viðskiptavina þar sem hún myndi styrkja forsendur fyrir traustum og heilbrigðum rekstri bankans í samræmi við bestu alþjóðlegu viðmið.

3. Annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið er í.

Um starfsemi Landsbankans gilda lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði.

4. Helstu þættir áhættustjórnunar og innra eftirlits

Bankaráð ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virk áhættustjórnun og kerfi innra eftirlits. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti sem stöðja að rekstri bankans og að innleiddar séu fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerðir til að draga úr áhættu. Tilgangur innra eftirlits er að stuðla að því að bankinn nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja, áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og hlítu við lög og reglur.

Það er stefna bankans að taka aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri bankans. Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri bankans og að bankinn hafi skilvirkt skipulag til að mæta og/eða miðla áhættu með upplýstri ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á að innan bankans sé viðhöfð fagleg áhættustjórnun og að allir starfsmenn þekki og skilji áhættuþætti sem tengjast starfi þeirra og að viðbrögð við áhættu byggji á upplýstri ákvörðunartöku.

Áhættustjórnun og innra eftirlit er samofið daglegri starfsemi bankans. Viðskiptastefnu og markmiðum bankans er framfylgt með áhættustefnu og virkum eftirlitsaðgerðum sem stuðla eiga að innleiðingu viðskiptastefnunnar. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun á áhættum sem stöðja að einingum þeirra. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er hluti innra eftirlits. Ráðgjöf um hönnun áhættuferla, eftirlit með áhættustöðum og eftirlit með virkni innra eftirlits er á ábyrgð sérstakra eininga, þ.e. Áhættustýringar, Regluvörslu og Innri endurskoðunar. Greining á virkni innra eftirlits felur í sér skoðun á fimm meginþáttum: eftirlitsumhverfi bankans, áhættustjórnun, eftirlitsaðgerðum, upplýsingum og samskiptum og stjórnendaeftirliti.

Áhættunefnd er ein af undirnefndum bankaráðs og fjallar hún með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Þá fjallar Endurskoðunarnefnd reglubundið um reikningsskil bankans og mat á innra eftirlitskerfi bankans.

Nánari lýsingu á áhættustjórnun bankans er að finna í sérstakri skýrslu um áhættustjórnun.

5. Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Landsbankinn þinn er heiti á stefnu Landsbankans. Stefna Landsbankans er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu sem mætir þörfum viðskiptavina. Hann ætlar að vera hreyfiafl og starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Framtíðarsýn bankans er að vera til fyrirmyndar og hlutverk hans er að vera traustur samherji í fjármálum. Bankinn vill að viðskiptavinir hans geti sagt: „Svona á banki að vera!“.

Bankinn setti sér siðareglur þann 1. mars 2011 og voru þær endurnýjaðar síðast í desember 2015. Siðareglurnar eru í formi sáttmála sem allir starfsmenn bankans og bankaráðsmenn hafa skrifað undir. Siðasáttmálann er að finna á vef Landsbankans. Siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við hagsmunaárekstrum og siðferðilegum álitamálum. Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að árétta ábyrgð hvers og eins.

Í maí 2011 var birt stefna Landsbankans um samfélagslega ábyrgð. Markmiðið er að samþætta efnahags-, samfélags- og umhverfismál við rekstur bankans. Stefna bankans um samfélagslega ábyrgð grundvallast á fimm meginþáttum sem tengjast beint starfsemi og rekstri bankans. Stefnan tekur mið af ISO 26000 staðlinum um samfélagsábyrgð og er í samræmi við viðmið um hnattrænt samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.¹

Landsbankinn var einn af sex stofnaðilum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, sem var stofnuð í lok árs 2011. Markmið miðstöðvarinnar er að leita bestu aðferða fyrir fyrirtæki við innleiðingu á stefnu um samfélagsábyrgð, stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og hvetja til rannsókna á viðfangsefninu í samstarfi við háskólasamfélagið.

Í febrúar 2012 samþykkti framkvæmdastjórn Landsbankans nýja jafnréttisstefnu með aðgerðaráætlun í sex liðum með skilgreindum mælikvörðum. Mælikvarðarnir taka annars vegar mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hins vegar af viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) tengdum mannauðsmálum.

Í desember 2012 skrifaði Landsbankinn undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar² (UN PRI) og tekur virkan þátt í starfi UNEP FI.³ Samfélagsskýrsla Landsbankans, byggð á viðmiðum GRI, er gefin út samhliða ársskýrslu bankans í tengslum við aðalfund hans í mars 2016. Slíkar skýrslur hafa verið gefnar út síðustu ár og þar er gerð nánari grein fyrir útfærslu samfélagsábyrgðar hjá Landsbankanum. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vefsíðu bankans.⁴

Landsbankinn leggur áherslu á að samstarfsaðilar bankans, þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd bankans og sjóðstjórar, séu þátttakendur eða taki tillit til viðmiða Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Hefur bankinn þegar hafið undirbúning að því að innleiða viðmiðin í verklag í eignastýringu. Bankinn mun einnig leggja aukna áherslu á að starfsmenn nýti sér vistvænan samgöngumáta, efla vistvæn innkaup og auka fræðslu til starfsmanna um samfélagslegra ábyrgð. Þá efndi Landsbankinn til ráðstefnu um loftlagsmál í febrúar sl. fyrir viðskiptavinum sína.

6. Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs og framkvæmdastjórnar

Bankaráð er skipað sjö mönnum og tveimur til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráðið sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi, en bankaráðsmenn kjósa varaformann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun. Bankaráð hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf bankaráðs.

1 United Nations Global Compact.

2 Principles for Responsible Investment.

3 United Nations Environmental Programme – Financial Initiative.

4 <http://bankinn.landsbankinn.is/samfelagsleg-abyrgd/skyrslur/>

Fjórar undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Framtíðarnefnd. Hlutverk nefndanna er m.a. að undirbúa umfjöllun bankaráðs á tilteknum starfssviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast.

Bankaráð ræður bankastjóra og innri endurskoðanda. Bankastjóri ræður aðra daglega stjórnendur bankans. Innri endurskoðun heyrir undir bankaráð. Svið bankans eru sex talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Markaðir, Áhættustýring, Fjármál og Rekstur og upplýsingatækni. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með bankastjóra. Skrifstofa bankastjóra, Regluvarsla, Mannauður og Markaðsdeild heyra beint undir bankastjóra.

7. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar.

Landsbankinn hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

8. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda

Bankaráð skipar nefndarmenn í undirnefndir. Engar breytingar urðu á fyrirkomulagi nefnda á árinu 2015, en nefndarmönnum í endurskoðunarnefnd var fjölgað úr þremur í fjóra á árinu.

Endurskoðunarnefnd er nú skipuð þremur bankaráðsmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni með sérþekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Áhættunefnd er skipuð fjórum bankaráðsmönnum, Starfskjaranefnd þremur bankaráðsmönnum og Framtíðarnefnd fjórum bankaráðsmönnum.

9. Upplýsingar um fjölda bankaráðsfunda og funda undirnefnda og mætingu

Á árinu 2015 hélt bankaráð Landsbankans 28 fundi. Haldnir voru 10 fundir í Endurskoðunarnefnd, 8 í Áhættunefnd, 5 í Starfskjaranefnd og 8 í Framtíðarnefnd. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu á fundina.

| | Starfstími á árinu 2015 | Bankaráð | Endur- skoðunar- nefnd | Áhættu- nefnd | Starfs- kjara- nefnd | Framtíðar- nefnd |
|---|----------------------------|-----------|------------------------------|------------------|----------------------------|---------------------|
| Núverandi bankaráð | | 28 | 10 | 8 | 5 | 8 |
| Tryggvi Pálsson, formaður | 01.01 - 31.12 | 27 | - | - | 4 | 7 |
| Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, varaformaður | 01.01 - 31.12 | 28 | | 7 | - | 8 |
| Danielle Pamela Neben | 01.01 - 31.12 | 28 | 10 | - | - | 8 |
| Helga Björk Eiríksdóttir | 01.01 - 31.12 | 25 | - | 8 | 5 | - |
| Jón Sigurðsson | 01.01 - 31.12 | 23 | - | 8 | - | 7 |
| Kristján Þ. Davíðsson | 01.01 - 31.12 | 25 | 4 | 7 | - | - |
| Jóhann Hjartarson | 19.03 - 31.12 | 23 | 10 | - | 4 | - |
| Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, varamaður | 01.01 - 31.12 | 2 | - | - | - | - |
| Árni G. Hauksson, varamaður | 01.01 - 31.12 | 1 | - | - | - | - |
| Endurskoðunarnefnd | | | | | | |
| Stefán Svavarsson | 01.01 - 31.12 | - | 9 | - | - | - |

10. Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans.⁵ Sérstakar starfsreglur hafa jafnframt verið gefnar út fyrir Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Framtíðarnefnd, og má einnig finna þær á vefsíðu bankans.

11. Upplýsingar um bankaráðsmenn

Aðalmenn í bankaráði eru eftirtaldir:

Tryggvi Pálsson er fæddur árið 1949 og hefur búsetu á Íslandi. Tryggvi Pálsson hefur viðtæka reynslu á fjármálamarkaði og hefur gegnt leiðandi hlutverki í rekstri fjölmargra fjármálafyrirtækja. Hann lauk prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands og meistaraþáttu í þjóðhagfræði frá London School of Economics. Tryggvi er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og stjórnarstörf. Hann starfaði hjá Landsbanka Íslands hf. sem forstöðumaður hagfræði- og áætlanadeildar 1976-1984 og var framkvæmdastjóri fjármálasviðs 1984-1988. Árið 1988 var hann ráðinn bankastjóri Verslunarbanka Íslands hf., en gegndi síðan lykilhlutverki í samruna fjögurra banka við stofnun Íslandsbanka hf. 1990. Hann var bankastjóri og framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka á árunum 1990-2000. Tryggvi var ráðgjafi bankastjórnar Seðlabankans 2000-2001 og framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans 2001-2011. Tryggvi hefur gegnt margvíslegum stjórnarstörfum á fjármálamarkaði, svo sem fyrir ISB Holding ehf., Fjármálaeftirlitið, Reiknistofu bankanna, Kauphöll Íslands, Verðbréfaskráningu Íslands hf., Samband íslenskra viðskiptabanka, Glitni hf. (eignarleigu), Kreditkort hf., Fjárfestingarfélag Íslands hf. og Féfang hf. Einnig hefur hann setið í fjölmörgum opinberum nefndum, sinnt margvíslegum félagsstörfum svo og annast kennslu í þjóðhagfræðum og bankafræðum á háskólastigi. Tryggvi var kjörinn í bankaráð í apríl 2013.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir er fædd árið 1981 og hefur búsetu á Íslandi. Eva Sóley er fjármálastjóri Advania á Íslandi. Hún var áður forstöðumaður á fjármálasviði hjá Össuri hf., stjórnarmaður í Skeljungu og stundakennari í meistaranámi í fjármálaverkfræði við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún er með meistaraþáttu í fjármálaverkfræði frá Columbia University í Bandaríkjunum ásamt grunnþáttu í hagverkfræði frá sama skóla. Þá hefur hún lokið löggildingarprófi í verðbréfamiðlun. Eva Sóley starfaði hjá Kaupþingi hf. á árunum 2003-2008, m.a. í fjárfestingu, fjármögnun, á fyrirtækjasviði og í fyrirtækjaráðgjöf. Þá gegndi hún starfi framkvæmdastjóra kröfuhafasviðs og lánastýringar skilanevndar Kaupþings frá 2008 – 2009 og var framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá 2009 – 2011. Eva Sóley var kjörin í bankaráð í apríl 2013.

Danielle Pamela Neben er fædd árið 1970 og hefur búsetu á Íslandi. Danielle Pamela starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Hún starfaði hjá HSBC bankanum, sem er einn stærsti banki heims, á árunum 1993-2013 í sjö löndum, m.a. í Bretlandi, Þýskalandi, Taívan og Singapore. Hún lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með áherslu á fjármál. Danielle átti sæti í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg 2012-2013 sem framkvæmdastjóri á rekstrarsviði. Áður var hún í ýmsum stjórnunarstörfum innan HSBC bankans, m.a. á sviði verkefnastjórnunar, viðskiptatengsla, viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, fjárfestatengsla og innheimtu útlána. Danielle var kjörin í bankaráð í apríl 2013.

Helga Björk Eiríksdóttir er fædd árið 1968 og hefur búsetu á Íslandi. Helga Björk Eiríksdóttir er framkvæmdastjóri Integrum, sem starfar á sviði fasteignaþróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á

⁵ <http://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/bankarad/starfsreglurbankarads/>

verðbréfavíðskiptanáám við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 2010-2012 starfaði hún við sjálfstæða ráðgjöf. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanevnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla, sinnt ýmsum öðrum störfum og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík. Helga Björk var kjörin í bankaráð Landsbankans í apríl 2013.

Jón Sigurðsson er fæddur árið 1954 og hefur búsetu á Íslandi. Jón Sigurðsson hefur víðfeðma rekstrar- og stjórnunarreynslu. Hann hefur m.a. starfað á sviði fjármála, innkaupa, fjárfestingar, ráðgjafar og stefnumótunar hjá fyrirtækjum í fjölþættum rekstri. Hann er víðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og stjórnunarstörf. Jón starfaði sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs hjá Promens árin 2008-2015, en áður var hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins árin 2004-2007. Á árunum 1999-2004 starfaði Jón sem forstöðumaður fjárfestingarsviðs hjá Framtaki fjárfestingarbanka. Jón starfaði fyrir Coca-Cola árin 1991-1999, fyrst sem fjármálastjóri Vífilfells og síðar fyrir svæðisskrifstofu Coca-Cola Company í Noregi, fyrst sem yfirmaður hagdeildar og síðan yfirmaður á þróunar- og fjárfestingarsviði. Á árunum 1986-1991 starfaði Jón sem fjármálastjóri Hans Petersen, en þar á undan sem rekstrarráðgjafi hjá Hagvangi. Jón hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlendra fyrirtækja. Hann var kjörinn varamaður í bankaráð í apríl 2010 og aðalmaður í apríl 2013.

Kristján Þ. Davíðsson er fæddur árið 1960 og hefur búsetu á Íslandi. Kristján Þ. Davíðsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri Isder ehf. síðan 2009. Hann er með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskóla Íslands og meistaraáráðu í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum í Tromsø í Noregi. Áður var hann framkvæmdastjóri skilanevndar Glitnis banka hf. frá 2008-2009, en hann var um árabil starfsmaður Glitnis/Íslandsbanka og starfaði þar meðal annars sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og sem forstöðumaður sjávarútvegsvíðskipta á alþjóðasviði bankans. Hann hefur starfað hjá SÍF hf. og Marel hf. við sölu og markaðsstörf og einnig sem forstjóri Granda hf. og aðstoðarforstjóri HB Granda hf. Kristján situr í stjórn Valka hf., Vaka ehf., Pólar Togbúnaðar ehf., Margildi ehf., ISDER ehf., Víðskiptaþróunar ehf. and SOS Barnaþorpa. Hann er kjöræðismaður Brasilíu á Íslandi. Hann var kjörinn varamaður í bankaráð Landsbankans í apríl 2011, en aðalmaður í apríl 2013.

Jóhann Hjartarson er fæddur árið 1963 og hefur búsetu á Íslandi. Hann hefur verið yfirlögfræðingur Íslenskrar erfðagreiningar ehf. frá árinu 1998, en var einnig yfirlögfræðingur deCODE genetics Inc. á árunum 1998-2009. Jóhann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður (hdl.) 1998. Hann er einnig með diplóma í alþjóðlegum hugverka- og einkaleyfarétti frá University of Washington School of Law 1998 og réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (e. European Patent Attorney) frá 2006. Jóhann situr nú í stjórn Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (formaður), en auk þess er hann varamaður í stjórn UVS - Urður, Verðandi, Skuld ehf. Áður hefur hann setið í stjórnnum N1 hf. (stjórnarformaður), HB Granda og Íslenskra lyfjarannsóknna ehf. og verið varamaður í stjórn Skipta hf. Jóhann er stórmeistari í skák og var atvinnumaður í skák og kennari við Skákaskóla Íslands á árunum 1985-1997. Jóhann var kjörinn í bankaráð Landsbankans í mars 2014.

Varamenn í bankaráði:

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir er fædd árið 1975 og hefur búsetu á Íslandi. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hefur stundað kennslu og rannsóknir héraðs og erlendis og gegnir nú prófessorsstöðu við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá University of Miami í Bandaríkjunum árið 2006, en þar áður stundaði hún meistaranám í hagfræði við sama skóla og sagnfræði við Háskóla Íslands. Tinna Laufey hefur skrifað fjölda greina í vísindatímarit, auk fræðibóka og bókakafla á íslensku og ensku. Hún hefur jafnframt sinnt margvíslegum ráðgjafastörfum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Tinna Laufey gegnir ýmsum stjórnunarstörfum sem tengjast kennslu og vísindum og situr meðal annars í Háskólaráði Háskóla Íslands. Tinna Laufey hefur verið varamaður í bankaráði Landsbankans síðan í mars 2012.

Árni G. Hauksson er fæddur árið 1968 og hefur búsetu í Japan. Hann er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og stjórnunarstörf í Japan og á Íslandi. Árni lauk prófi frá verkfræðideild Háskóla Íslands árið 1992. Hann stundaði síðan framhaldsnám við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum og lauk þaðan meistaraáráðu í aðgerðarannsóknum árið 1993 og doktorsprófi árið 1997. Árni starfaði sem ráðgjafi hjá Monitor Company í Bandaríkjunum (1993-1995) og síðan sem miðlari hjá Banque Paribas 1997-2000. Þá starfaði hann sem ráðgjafi hjá McKinsey & Co. í New York á árunum 2000-2003. Á árunum 2003-2006 starfaði Árni hjá eignastýringarsjóðnum Amaranth Advisors LLC sem sérfræðingur á skuldabréfasviði. Á árunum 2006-2013 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá Goldman Sachs & Co.; fyrst (2006-2010) við eignastýringu Goldman Sachs Asset Management í New York, og síðan (2010-2013) hjá verðbréfamiðlunardeild Goldman Sachs & Co í Japan. Árni situr í stjórn Verzlunarráðs Íslands í Japan, auk ýmissa fyrirtækja á Íslandi. Árni var kjörinn varamaður í mars 2015.

12. Upplýsingar um hvaða bankaráðsmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Aðal- og varamenn í bankaráði eiga ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir Landsbankanum og stórum hluthöfum. Þeir hafa engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins og stóra hluthafa í bankanum.

13. Helstu þættir í árangursmati

Árangursmat bankaráðs fór fram í byrjun árs 2016. Skoðað var hvernig til tókst með verkefni bankaráðsins á árinu 2015. Einnig var lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu bankaráðsmanna, skoðanaskipti, starf undirnefnda bankaráðs, frammistöðu formanns og frammistöðu bankastjóra.

14. Upplýsingar um bankastjóra og lýsing á helstu skyldum hans

Bankastjóri Landsbankans, Steinþór Pálsson, er fæddur árið 1960 og hefur búsetu á Íslandi. Steinþór hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum við banka og framleiðslufyrirtæki bæði innanlands og erlendis og mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun. Steinþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, Cand Oecon, og með MBA gráðu frá Edinborgarháskóla. Á árum áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra lánasviðs Verslunarbanka Íslands og varð síðar starfsmaður Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður lánadeildar, fjárfestingarlána, útibúþjónustu, áhættustýringar og fyrirtækjaþjónustu, auk þess sem hann var virkur í stefnumótunarstarfi Íslandsbanka og samrunaferli forvera hans. Hann var um hríð fjármála- og rekstrarstjóri líftæknifyrirtækisins Urður, Verðandi og Skuld. Síðan starfaði hann í átta ár hjá Actavis, fyrst sem framkvæmdastjóri Actavis á Möltu, þá sem framkvæmdastjóri Actavis í Bandaríkjunum og síðan sem framkvæmdastjóri Actavis samstæðunnar á sviði stefnumótunar. Steinþór tók við starfi bankastjóra Landsbankans í júní 2010. Steinþór er stjórnarformaður Hamla ehf. og stjórnarformaður Samtaka fjármálafyrirtækja. Steinþór er formaður framkvæmdastjórnar, áhættu- og fjármálanefndar og lánanefndar.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum bankaráðs. Hann skal sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Bankastjóri er talsmaður bankans um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni. Steinþór Pálsson átti 345.228 hluti í bankanum í árslok 2015. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi við bankastjóra. Þá eru ekki til staðar nein hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins og stóra hluthafa í félaginu.

15. Lög og reglur

Á árinu 2015 gerði Landsbankinn tvær sáttir við Seðlabanka Íslands varðandi framkvæmd reglna nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, samtals að fjárhæð kr. 18.050.000. Þá framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathuganir á árinu 2015 og birti fimm gagnsæistilkynningar sem fólu í sér athugasemdir og ábendingar. Ekki voru gerðar athugasemdir sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum.

16. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Hluthafar í Landsbankanum voru 1835 í árslok 2015. Bankaráð hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir bankans og starfsreglur bankaráðs. Formaður bankaráðs stýrir samskiptum bankaráðs við hluthafa. Bankaráðsmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni bankans og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda.